

ALMENNIR SKILMÁLAR HERJÓLFS OHF

Almennir skilmálar Herjólfss OHF um flutning á farþegum og farangri.

Þessir skilmálar skulu gilda um siglingar og flutninga á farþegum og farangri með Vestmannaeyjaferjunni m/s Herjólfvi eða öðru skipi sem kemur í stað m/s Herjólfss.

1. - Skilgreiningar.

Í skilmálum þessum skulu eftirfarandi hugtök hafa þessa merkingu:

“Vestmannaeyjaferjan Herjólfur OHF eða félagið” þýðir Vestmannaeyjaferjan Herjólfur OHF, kt. 420718-1280, Báskersbryggja, 900 Vestmannaeyjar

“Farþegi” þýðir persóna sem pantar og/eða kaupir flutning með Herjólfvi og/eða persóna sem flytja á eða verður fluttur með skipinu samkvæmt farmsamningi og enn fremur sá sem með heimild Herjólfss OHF fylgir ökutæki eða lifandi dýri sem háð er samningi um vöruflytninga og/eða eigandi ökutækis sem flutt er án tengsla við samning um farþegaflutninga.

“Farangur” þýðir sérhver hlutur, þ.m.t. ökutæki, sem fluttur er með Herjólfvi í tengslum við samning um farþegaflutninga og ökutæki sem flutt eru án tengsla við samning um farþegaflutninga.

“Handfarangur” þýðir farangur sem farþegi hefur í vörslum sínum eða í klefa sínum eða sem hann flytur með sér í eða á ökutæki sínu.

“Herjólfur eða skipið” þýðir skipið m/s Herjólfur eða skip sem kemur í stað þess, en Herjólfur OHF er heimilt að nota annað skip til flutninganna án sérstakrar tilkynningar til farþega.

“SDR” er sú alþjóðlega verðmæliseining sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar og skal reikna verðmæliseiningu þessa til íslensks gjaldeyris eftir gengi þess dags er greiðsla fer fram.

“Undirverktaki” þýðir beinir eða óbeinir undirverktakar sem og starfsmenn, umboðsmenn, fulltrúar og undirverktakar þeirra.

2. - Samningur við Herjólf OHF.

Um leið og farþegi bókar ferð með Herjólfvi eða ferð er bókuð fyrir hans hönd og Herjólfur OHF staðfestir bókunina er kominn á flutningssamningur á milli félagsins og viðkomandi farþega um flutning á farþegum og farangri með Herjólfvi (hér eftir nefndur samningurinn).

Herjólfvi OHF er heimilt að taka við bókun sem gerð er með rafrænum hætti. Herjólfur OHF er heimilt að staðfesta slíka bókun með rafrænum hætti og er þá kominn á flutningssamningur á milli aðila.

Ákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga um rétt neytanda til að falla frá samningi gilda ekki í lögskiptum Herjólfss OHF og farþega, sbr. 10. gr. laganna.

Skilmálar þessir skulu felldir inn í og skulu vera hluti af framangreindum samningi. Með því að bóka ferð með Herjólfvi staðfestir farþegi að hann hafi lesið þessa skilmála og samþykkir að þeir gildi um

réttarsamband Herjólfss OHF við sig og alla þá sem hann bókar fyrir, enda lýsir farþegi því yfir með bókun sinni að hann hafi umboð þeirra til þess að bóka ferð með Herjólfli.

3. - V. kafli siglingalaga nr. 34/1985.

Ákvæði V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 um flutning á farþegum og farangri skulu gilda um alla flutninga Herjólfss OHF á farþegum og farangri með Herjólfli, nema annað komi fram í þessum skilmálum, en ákvæði þessi eru felld inn í skilmálana og skulu vera hluti af þeim.

4. - Flutningur.

Farþega ber að fullnægja ákvæðum laga, reglugerða og annarra reglna um ferðalög, farangur og flutning á farþegum og farangri, eftir því sem við á hverju sinni.

Samkvæmt reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum nr. 659/2000 ber Herjólfur OHF í öryggisskyni að safna saman, skrá og varðveita tilteknar persónuupplýsingar um farþega. Með vísan til þess ber farþega að veita Herjólfli OHF umræddar upplýsingar við bókun eða í síðasta lagi áður en þeir ganga um borð í skipið.

Farþega ber að mæta í brottfararhöfn í síðasta lagi 30 mínútum fyrir áætlaða brottför Herjólfss.

Farþega ber að fara eftir þeim reglum sem gilda um innritun farþega og farangurs áður en þeir ganga um borð í skipið og veita þær upplýsingar um farangur og handfarangur sem Herjólfur OHF fer fram á.

Herjólfur OHF skal gefa út farmiða í brottfararhöfn og eða annarsstaðar gegn staðfestingu farþega á samningnum, í því formi sem Herjólfur OHF samþykkir, áður en farþegi gengur um borð í Herjólf og/eða ökutæki er ekið um borð í skipið.

Farþegi skal framvísa farmiða um leið og hann gengur um borð í Herjólf í brottfararhöfn og frá borði í komuhöfn og/eða hann ekur ökutæki um borð í Herjólf í brottfararhöfn og frá borði í komuhöfn sem og öðrum nauðsynlegum skjölum og skilríkjum ef farið er fram á það.

Farþegi skal sjálfur færa allan handfarangur og farangur sinn um borð í skipið, nema um annað sé samið.

Herjólfur OHF er heimilt að flytja farangur og handfarangur á þilfari.

Ökutæki er flutt á bílþilfari. Einungis bílstjóra ökutækis er heimilt að aka ökutæki inn á bílþilfar. Aðrir farþegar sem fylgja ökutækinu skulu nota landgang skipsins til þess að komast um og frá borði. Þegar ökutæki hefur verið fundið staður á bílþilfari skal ökumaður stöðva vél þess, setja það í handbremsu, hafa í gír eða í "park" á sjálfskiptu ökutæki, læsa því, slökkva á þjófavörn og framfylgja öðrum fyrirmælum Herjólfss OHF í sambandi við ökutækið. Ef um er að ræða tengivagn, svo sem tjaldvagn, fellihýsi eða hjólhýsi, sem hefur að geyma gaskút ber farþega að skrífa vel fyrir gas áður en ferð hefst. Um leið og ökutæki er tilbúið til flutnings ber ökumanni að yfirgefa bílþilfar. Á meðan ferð stendur er ökumanni og öðrum farþegum ekki heimilt að fara inn á bílþilfar og í ökutæki nema með sérstöku leyfi áhafnar.

Handfarangur og annar farangur en ökutæki skal geymdur hjá farþega eða í opnu eftirlitslausu geymslurými meðan á ferð stendur á áhættu og ábyrgð farþega.

Farþega ber að fara eftir öllum öryggisreglum og öðrum reglum sem gilda um borð í Herjólfu og hlýða öllum fyrirmælum skipstjóra og áhafnar skipsins.

Farþegum ber að fylgjast með öryggismyndbandi sem sýnt er við upphaf ferðar og tileinka sé þær öryggisreglur sem þar eru kynntar. Jafnframt ber farþegum að kynna sér bæklinga um öryggismál, sem liggja frammi í afgreiðslum og um borð í skipinu.

Farþega ber að taka tillit til annarra farþega og áhafnar skipsins og haga sér í samræmi við góðar venjur.

Farþega og ökutæki er ekki heimilt að fara frá borði í komuhöfn fyrr en áhöfn hefur gefið slíka heimild.

Telji Herjólfur OHF að handfarangur og/eða farangur sé ekki hæfur til flutnings áskilur Herjólfur OHF sér rétt til að flytja hann frá borði og rifta samningnum án nokkurrar bótaskyldu og án endurgreiðslu fargjalds.

Komi til þess að farþegi brjóti framangreindar reglur eða Herjólfur OHF hefur ástæðu til að ætla að hann muni gera það áskilur Herjólfur OHF sér rétt til að rifta samningnum án nokkurrar bótaskyldu og án endurgreiðslu fargjalds.

5. - Fargjald.

Farþega ber að greiða fargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá Herjólfur OHF hverju sinni.

Fargjald ber að greiða að fullu áður en farþegi gengur um borð í skip í brottfararhöfn eða áður en farangur er færður um borð í skip í brottfararhöfn, nema um annað sé samið. Að öðrum kosti fellur niður skylda Herjólfur OHF til að flytja farþega og/eða farangur.

Herjólfur OHF skal eiga haldsrétt og samningsveð, eftir því sem við á, í öllum farangri og handfarangri, sem er í vörslu félagsins, vegna allra krafna þess á hendur farþega eða eiganda hans vegna flutningsins og annarra krafna á hendur farþega eða eiganda hans sem tengjast ekki flutningnum á neinn hátt.

6. - Ábyrgð Herjólfur OHF 6.1. - Ábyrgð og upphæð bóta.

Herjólfur OHF ber skaðabótaábyrgð á farþegum, handfarangri og farangri meðan á flutningi stendur í samræmi við ákvæði V. kafla siglingalaga nr. 34/1985, nema annað komi fram í þessum skilmálum.

Ábyrgð Herjólfur OHF er takmörkuð samkvæmt siglingalögum og er farþegum af þeim sökum bent á að kaupa váttryggingar fyrir tjóni sem þeir kunna að verða fyrir meðan á flutningi stendur.

Herjólfur OHF ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni eða ágóðatapi. Herjólfur OHF ber hvorki ábyrgð á tapi eða tjóni á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum né ábyrgð á greiðslu bóta vegna fornmunaverðmætis, tilfinningalegra verðmæta eða annarra sérstakra verðmæta. Herjólfur OHF ber heldur ekki ábyrgð á lifandi dýrum sem flutt eru.

Ekki skal koma til greiðslu vaxta af kröfum á hendur Herjólfur OHF fyrr en frá uppkvaðningu dóms.

6.2. - Upphaf og lok ábyrgðar.

Hvað varðar annars vegar farþega og hins vegar handfarangur og/eða farangur, sem farþegi hefur í sínum vörslum meðan á ferð stendur, skal upphaf ábyrgðar (ef einhver er) miðast við þann tíma þegar farþegi stígur í landgang skips í brottfararhöfn og lok ábyrgðar við þann tíma þegar farþegi stígur úr landgangi skips í komuhöfn.

Hvað varðar farangur, sem afhentur hefur verið Herjólfri OHF til flutnings, skal upphaf ábyrgðar (ef einhver er) miðast við þann tíma þegar starfsmenn eða umboðsmenn Herjólfis OHF taka við honum í landi í brottfararhöfn og lok ábyrgðar við þann tíma þegar hann er tilbúinn til afhendingar í komuhöfn, en frá þeim tíma er farangurinn á áhættu og ábyrgð farþega eða eiganda hans. Farþegi eða eigandi slíks farangurs skal tafarlaust taka við honum þegar farangurinn er tilbúinn til afhendingar í komuhöfn. Taki farþegi eða eigandi ekki við farangri samkvæmt framansögðu er Herjólfri OHF heimilt að færa hann í geymslu á kostnað, ábyrgð og áhættu farþega eða eiganda.

6.3. - Tilkynningar og fyrning.

Verði tjón á handfarangri ber farþega að tilkynna Herjólfri OHF það skriflega jafnskjótt og þess verður vart en þó aldrei síðar en farþegi fer frá borði í komuhöfn.

Verði sýnilegt tjón á farangri ber farþega að tilkynna það skriflega jafnskjótt og þess verður vart en þó aldrei síðar en við móttöku í landi í komuhöfn.

Sé ekki um að ræða sýnilegar skemmdir á farangri eða farangur tapast ber farþega að tilkynna það skriflega jafnskjótt og þess verður vart en þó aldrei síðar en 15 dögum frá afhendingu í landi í komuhöfn eða ef um tap er að ræða frá þeim degi er afhenda átti farangurinn.

Ef um töf er að ræða skal tilkynning um tjón hafa borist Herjólfri OHF í síðasta lagi 15 dögum frá því að ferð átti að ljúka.

Nú er tjón ekki tilkynnt áður en framangreindir tímafrestir eru liðnir og fellur þá niður sérhver krafa á Herjólfri OHF.

Réttur til skaðabóta á hendur Herjólfri OHF fyrnist samkvæmt 3. til 5. tölulið 215. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

6.4. - Siglingatími og tafir.

Herjólfur OHF mun gera sitt ýtrasta til að flytja farþega og farangur í samræmi við siglingaáætlun.

Herjólfur OHF ber þó ekki ábyrgð á siglingatímum, í siglingaáætlun eða annars staðar, og eru þeir ekki hluti af þessum skilmálum eða samningnum.

Herjólfur OHF er heimilt að breyta siglingaáætlun án fyrirvara ef nauðsyn krefur.

Herjólfur OHF ber ekki ábyrgð á niðurfellingu ferðar eða tafa vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem vegna veður- og sjóskilyrða, hryðjuverka, stjórnaraðgerða, stríðs, náttúruhamfara, eldsvoða, verkfalla og annarra ástæða sem Herjólfur OHF ræður ekki við.

Herjólfur OHF ber ekki ábyrgð á neinum beinum eða óbeinum kostnaði eða tjóni sem farþegi eða eigandi farangurs verður fyrir ef ferð er felld niður eða seinkar af óviðráðanlegum orsökum.

Herjólfur OHF er heimilt að breyta siglingatímum farþega og/eða farangurs, þar með talið að láta þá farþega og/eða farangur hafa forgang í ferð sem hafa beðið lengst eftir nýrri ferð sökum niðurfalls eða seinkunar á sinni ferð af einhverjum óviðráðanlegum orsökum.

7. - Starfsmenn og undirverktakar.

Herjólfur OHF er heimilt að ráða undirverktaka á hvaða skilmálum sem er til að inna af hendi þær þau verk og þá þjónustu sem Herjólfur OHF tekur að sér samkvæmt samningnum.

Allir starfsmenn, umboðsmenn, fulltrúar og undirverktakar Herjólfur OHF sem og eigandi Herjólfur, starfsmenn, umboðsmenn, fulltrúar, undirverktakar hans skulu njóta og hafa rétt til að bera fyrir sig öll ákvæði skilmálanna, eftir því sem við á, enda gerir Herjólfur OHF samninginn við farþega bæði fyrir sína hönd og sem umboðsaðili og fulltrúi slíkra starfsmanna, umboðsmanna, fulltrúa, undirverktaka og eiganda.

8. - Farmflutningar og Almennir þjónustuskilmálar SVP.

Komi til þess að vara er flutt með Herjólfur, sem ekki fellur undir hugtakið farangur, skulu flutningsskilmálar Herjólfur OHF fyrir fjölþáttaflutning og flutning frá höfn til hafnar, sem eru meðal annars að finna í farmbréfum Herjólfur OHF, gilda um flutninginn í stað þessara skilmála um flutning á farþegum og farangri, nema um annað sé samið, hvort sem farmbréf hefur verið gefið út eða ekki.

Að því marki sem þjónusta, háttsemi eða atvik fellur ekki undir skilmála þessa um flutning á farþegum og farangri eða framangreinda flutningsskilmála Herjólfur OHF skulu Almennir þjónustuskilmálar SVP (Samtaka verslunar og þjónustu) gilda um réttarsamband aðila.

Framangreinda skilmála er að finna á heimasíðu Herjólfur OHF www.herjolfur.is

9. - Breytingar.

Herjólfur OHF áskilur sér rétt til að breyta öllum skilmálum, gjaldskrá og áætlunum hvenær sem er og án fyrirvara eða tilkynningar til farþega.

Engum starfsmanni, umboðsmanni, fulltrúa eða undirverktaka Herjólfur OHF er heimilt að breyta, lagfæra eða fella úr gildi nokkur ákvæði þessara skilmála.

10. - Lögsaga.

Hverskyns deilumál sem upp koma á milli aðila og sem ekki tekst að leysa með samningum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. - Gildistaka.

Skilmálar þessir skuli taka gildi frá og með 30.mars 2019 og skulu gilda um alla flutninga á farþegum og farangri með Herjólfvi eftir þann dag jafnvel þótt bókun hafi verið gerð fyrir þann tíma.

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur OHF

Kt: 420718-1280

Báskersbryggja

900 Vestmannaeyjar

481-2800

herjolfur@herjolfur.is

BÓKUNARSKILMÁLAR HERJÓLFS OHF

BókunarskilmálarÞetta skjal inniheldur bókunarskilmála sem í gildi eru þegar bókað er í gegnum vef Herjólfis OHF. Þessir samningar gilda fyrir bæði kaupendur og Herjólf OHF Þegar bókað er í gegnum vef Herjólfis OHF er nauðsynlegt að samþykkja þessa skilmála til þess að klára bókun. Ef einhverjar spurningar vakna þá vinsamlegast hafið samband herjolfur@herjolfur.is eða í síma 481-2800.

Breytingar á bókunum

Breytingar á bókunum yfir á aðra tíma- eða dagsetningu eru leyfðar allt að 24 klukkustundum fyrir brottför án auka kostnaðar.

Breytingar á bókunum sem gerðar eru með minna en 24 klukkustunda fyrirvara fela í sér 500 kr breytingagjald.

Afbókunarskilmálar

Afbókun sem gerð er með meira en 24 klukkustunda fyrirvara felur í sér endurgreiðslu að fullu fyrir utan 500 kr afbókunargjald.

Afbókun sem gerð er með minna en 24 klukkustunda fyrirvara er ekki endurgreiðanleg.

Persónuupplýsingar

Allar þær upplýsingar sem kaupandi gefur upp eru trúnaðarmál og eru þær einungis notaðar í bókunarkerfi Herjólfis OHF og hafðar til hliðsjónar ef af einhverjum ástæðum nauðsynlegt er að hafa samband við viðkomandi. Þessar upplýsingar eru algjört trúnaðarmál og fara Herjólfur OHF með þær sem slíkar.

Bókanir

Um leið og kaupandinn hefur lokið við kaup á miðum mun hann fá sent bókunarform með öllum upplýsingum um ferðina. Nauðsynlegt er að prenta þetta blað út og hafa meðferðis þegar miðar eru sóttir til sönnunar um að miðar hafi verið pantaðir á netinu og að greitt hafi verið fyrir þá.

Á bókunarforminu kemur fram nákvæmlega hvað pantað var og heildarupphæð sem verður tekin af korti kaupanda. ^[1]_{SEP}Ef einhver mistök hafa orðið við bókun er nauðsynlegt að hafa strax samband við Herjólfur OHF: herjolfur@herjolfur.is og fá þau leiðrétt.

Ef að einhverjum ástæðum Herjólfur OHF geta ekki staðið við það sem kaupandinn bókaði þá verða þeir að endurgreiða miðann að fullu eða bjóða upp á ferð á öðrum tíma. Herjólfur OHF mun einnig skuldbinda sig til þess að leggja sig alla fram í að hafa samband við kaupanda til þess að láta vita af öllum breytingum sem gætu orðið. Kaupandinn gerir sér

grein fyrir því að í sumum tilfellum er ekki hægt að hafa samband við þá og þess vegna er gert upp um málin á staðnum þegar kúnnar mæta og þá reynt að finna fullnægjandi lausn fyrir báða aðila.

Kvartanir

Ef kaupendur hafa einhverjar kvartanir varðandi þjónustu Herjólfur OHF er mjög mikilvægt að koma þeim til skila. Einnig þurfa starfsmenn Herjólfur OHF að fá tækifæri til úrbóta. Ef ekki er unnið úr þessum kvörtunum af hálfu Herjólfur OHF ætti kaupandinn að hafa samband við Íslensku Ferðamálastofuna (info@icetourist.is).

Almennir skilmálar

Herjólfur OHF áskilja sér þann rétt að breyta þessum skilmálum hvenær sem er.

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur OHF

Kt: 420718-1280

Báskersbryggja

900 Vestmannaeyjar

481-2800

herjolfur@herjolfur.is